## Jón Þrándur Stefánsson

**Frá:** Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>
**Sent:** mánudagur, 3. mars 2025 13:21
**Til:** Jón Þrándur Stefánsson
**Afrit:** Kristinn Jónasson
**Efni:** Re: Re: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024/2025 - Snæfellsbær

Sæll,

Eins og fram kom í bréfinu þá fékk Snæfellsbær ekki einu tonni úthlutað í byggðakvóta og sá því bæjarstjórn ekki þörf á því að óska eftir sérreglum um úthlutun þessara 0 tonna.

Ef hins vegar úthlutun hefur verið, eða verður, breytt og Snæfellsbær fær til sín byggðakvóta á fiskveiðiárinu, þá mun bæjarfélagið óska eftir sérreglum.

**Kveðja,**

Lilja Ólafardóttir
bæjarritari í Snæfellsbæ
**sími:** +354-433-6900




**Ábyrgð þín varðandi tölvupóst.**
Tölvupóstur og viðhengi sem starfsfólk Snæfellsbæjar sendir utan hans gætu innihaldið trúnaðarupplýsingar eingöngu ætlaðar þeim sem tölvupósturinn er stílaður á. Sá sem fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekur við tölvupósti og viðhengjum hans, skal fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og hvorki skrá hjá sér né notfæra sér efni þeirra á nokkurn hátt.
Tilkynna skal sendanda samstundis hafi upplýsingarnar borist ranglega til viðtakanda. Efni tölvupóstsins og viðhengja er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Snæfellsbæjar.

---

**From:** Jón Þrándur Stefánsson <jon.stefansson@mar.is>
**Sent:** Monday, March 3, 2025 12:44 PM
**To:** Lilja Ólafardóttir <lilja@snb.is>
**Subject:** Re: Re: Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024/2025 - Snæfellsbær

You don't often get email from jon.stefansson@mar.is. Learn why this is important
Tilvísun í mál: MAR25010171

Sæl Lilja,

Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar frá 6. febrúar sl. varðandi úthlutun byggðakvóta. Í erindinu kemur hins vegar ekki fram ósk um sérreglur byggðakvóta. Með vísan til bréfs ráðuneytisins sent þann 22. janúar sl. þá var sveitarstjórn gefinn kostur á að óska eftir tillögum að sérreglum fram til 21. febrúar sl. og sá frestur þegar liðinn. Berist ekki ósk um setningu sérreglna frá sveitarstjórn mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta Arnarstapa og Rifs til umsóknar.

Samkvæmt upplýsingum ráðuneytisins þá óvíst um stöðu vinnslu í byggðarlögunum og þá gæti komið upp sú staða að ómögulegt gæti verið fyrir umsækjendur að uppfylla skilyrði reglugerðar nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025 og því kæmi ekki til úthlutunar byggðakvóta til fiskiskipa í Snæfellsbæ að óbreyttum reglum. Af þessum ástæðum er **sveitarstjórn er hér með veittur framlengdur frestur til 7. mars til þess að upplýsa ráðuneytið um áform sveitarstjórnar varðandi mögulega setningu sérreglna.**

Með kveðju,
Jón Þrándur

**Jón Þrándur Stefánsson, sérfræðingur / special Advisor**
skrifstofa sjávarútvegs / Department of Fisheries
Matvælaráðuneyti / Ministry of Food, Agriculture and Fisheries
Borgartún 26, 105 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 9700
www.mar.is - Fyrirvari/Disclaimer